



## Stjórnarfundur Almannaheilla 8. desember 2016, kl. 9-11 að Sigtúni 42

Mætt voru: Ketill Berg Magnússon, Þóra Þórarinsdóttir, Jónas Guðmundsson, Þórarinn Þórhallsson, Erna Reynisdóttir, Steinunn Hrafnisdóttir, Jón Pálsson, Kolbrún Silja Ásgeirsdóttir, Ásdís Eva Hannesdóttir, Hildur Helga Gísladóttir

### Dagskrá

1. Fjárhagsáætlun 2017
2. Staða málefnaþópa
3. Önnur mál

#### 1. Fjárhagsáætlun 2017

Stungið uppá að fjárhagsáætlun næsta árs verði lög fyrir stjórn á fyrsta fundi nýs árs. Var samþykkt að fela gjaldkera að gera tillögu að fjárhagsáætlun og kynna á fundi í janúar.

#### 2. Málefnaþópar

Málefnaþópar gerðu grein fyrir stöðu sinni:

##### Málefnaþópur um fjölgun félaga, innra starf og fræðslu

Hópurinn leggur til að Almannaheill sendi Opna háskólanum og Endurmenntun ósk um að gera tillögu um fræðsluprógram fyrir stjórnendur í almannaheillafélögum þar sem haldin verða stutt og hagnýt námskeið um stjórnun almannaheillafélaga. Kynnt var minnisblað þess efnis. Samþykkt var að hópurinn sendi slíka beiðni fyrir hönd stjórnar og sendi hana einnig til Háskólans á Bifröst.

##### Málefnaþópur um lagafrumvarp

Hópurinn leggur til tvennt. Annars vegar að öllum alþingismönnum verði nú á aðventunni sendur tölvupóstur þar sem starfsemi Almannaheilla er kynnt og lagafrumvarpið sérstaklega. Samþykkt að fela málefnaþópnunum að laga orðalag og senda. Hópurinn leggur jafnframt til að um leið og ný ríkisstjórn verði myndum þá muni Almannaheill óska eftir fundi með nýjum viðskiptaráðherra þar sem ráðherra verði hvattur til að leggja fram frumvarpið að nýju. Tillagan var samþykkt.

##### Málefnaþópur um sýnileika

Hópurinn leggur til að haldinn verði félagsfundur aðildarfélaga Almannaheilla um miðjan janúar. Markmið fundarins verði að kynna fyrir aðildarfélögum hvert virði þeirra er af því að vera félagar í Almannaheillum. Einnig að fá fram hugmyndir um hvernig Almannaheill getur stutt við störf aðildarfélaganna enn frekar. Samþykkt að fela hópnunum framkvæmd á slíkum fundi.

Hópurinn lagði til að unnið verði áfram með skjal þar sem fram koma spurningar og svör um frumvarpið. Formaður deildi aðgangi að drögum að slíku skjali. Samþykkt.

Í umræðunni kom fram tillaga um að Almannaheill sendi aðildarfélögum jólakveðju þar sem minnt er á ný lög um aukinn skattaafslátt af gjöfum til almannaheillafélaga. Samþykkt



### 3. Önnur mál

Fjárhagsuppgjör Fundar fólksins

Gjaldkeri óskaði eftir framlengdum fresti til að gera upp Fund fólksins þar sem ekki öll fjármálin eru til lykta leidd enn. Útlit er fyrir að kostnaðurinn verði lægri en kynnt var á síðasta fundi. Samþykkt tillaga um að fjárhagsuppgjórið liggja fyrir í janúar 2017

Stefnumótun stjórnar

Óskað var eftir auknum tíma fram í janúar til að klára niðurstöðuskjal um stefnumótun stjórnar frá í haust. Samþykkt

Formaður þakkaði stjórnarfólki fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf á árinu og óskaði þeim gleðilegra hátíða.

Ekki fleira gert. Fundi slitið kl. 10.45

Innskot formanns

Það láðist að geta þess að í vikunni barst boð frá Menningarfélagi Akureyrar um að halda Fund fólksins á Akureyri í júní á næsta ári. Menningarfélagið og Akureyrarstofa bjóðast til að halda utan um skipulagið með aðstoð Almannaheilla. Formaður leggur til að myndaður verður sérstakur vinnuhópur um framtíð Fundar fólksins. Í hópnum verði Jónas Guðmundsson, Þóra Þórarinsdóttir, Ásdís Eva Hannesdóttir auk formanns. Hópurinn fái það hlutverk að greina möguleikana um fund fólksins árið 2017 og gera um það tillögu sem kynnt verði á næsta stjórnarfundi.

Fundargerð ritaði Ketill Berg Magnússon